


3 billu

17



Héraðs

FLÓÐ Í HÉRAÐSVÖTNUM

eftir

Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum

- - -

Skýrslu þessa um flóð í Héraðsvötnum í Skagafirði hefur Stefán Jónsson fræðimaður, á Höskuldsstöðum í Blönduhlíð, tekið saman fyrir Vatnamælingarnar.

Stefán greinir skýrsluna í:

- | | |
|---------------|-----------|
| 1. VORFLÓÐ | bl. 1 - 4 |
| 2. VETRARFLÓÐ | " 5 - 8 |
| 3. HAUSTFLÓÐ | " 9 |

Stefán er fæddur 8. júlí 1892. Á Höskuldsstöðum hefur hann búið síðan 1915. Frá Höskuldsstöðum sér vítt yfir vötn og velli Skagafjarðar. Við túnfót er þjóðbrautin. Hún var lögð 1930. Vestan vegarins taka við flæðiengjar, þá nokkru hærri vallendisbakkar hið næsta Héraðsvötnum. Þegar vöxtur er í vatni flæða Vötnin upp í engjalönd Höskuldsstaða.

Í stórflóðum og á veturnum þegar Héraðsvötn eru með ágang herja þau á tún Stefáns.

Fyrstu kynni mín af Stefáni var um vetur fyrir mörgum árum er ég fékk leyfi hans, sem var auðsótt, að aka um Höskuldsstaðatún. Þóðvegurinn var á kafi í vatni og ísi. Bílar allir urðu að hopa undan ágangi Héraðsvatna og kóklast utan vegar. Stefán er glöggur og öruggur heimildamaður. Ingvar Gýgjar Jónsson gæslumaður vatnshæðarmála í Skagafirði hefur oft leitað til Stefáns. Fyrir milligöngu Ingvars barst mér í handriti þessi skýrsla Stefáns um FLÓÐ HÉRAÐSVATNA.

1977.02.04

Sigurjón Rist

Sigurjón Rist

Vorflóð í Héraðsvötnum

Mesta vorflóð í Héraðsvötnum, um mína daga er tvímælaláust 1925. Þá um vorið (í júní) var ég að byggja nýja fjárrétt við Valagilsá í Norðurárdal, til að rétta þar fé úr vorgöngum á Silfrastaðaafrétt. Ég var þá fjallskilastjóri og þurfti að sjá um byggingu réttarinnar. Var ég við þriðja og stundum fjórða mann í fjóra daga að byggja réttina. Lokið var verkinu að kvöldi fjórða dags. Alla þessa daga var logn og hitamolla, þar frammi en sunnan hægur vindur og hlýr öðru hverju út í héraðinu og þurt veður, nema út við sjó, þar rigndi eitthvað. Var hitinn við Valagilsá það mikill, að okkur sem unnum þar fannst hann lamandi og ervitt að vinna. Vorum þó allir á besta aldri og vanir stritvinnu. Að aflokinni réttarbyggingunni hélt ég heimleiðis að kvöldi fjórða dagsins. Norðuráin var í foráttuvexti og allar þverár hennar og frétt höfðum við að Héraðsvötn voru í stórflóði. Hélt ég svo um nóttina út Blönduhlíð og fór alfaraleið, sem þá var nokkuð öðru vísi en nú er. Þegar ég kom á melinn (hæðina) fyrir sunnan og ofan Miklabæ blasti við mér stórkostleg sjón. Fyrst þá, á þeim stað, sá ég út yfir héraðið. Var allt undirlendi Skagafjarðar, sem hafsjór yfir að líta, brekkna milli og það fram í Hólm. Bæirnir á Völlum og Vallanesi voru umflotnir sem eyjar, til að sjá, líka var vatnsflaumur heim að túni í Mikley, Bakka, Löngumýri og Krossanesi og síðar frétti ég að Húsabakkabæir báðir hefðu alveg verið umflotnir og vatn umkringdi þá Eyhildarholt, en bær þar stendur á ofurlítilli hæð. Vötnin flæddu þá einnig mjög í fornu farvegina vestan við Stokkhólma og þaðan út um Hólminn.

Ég fór af baki á Miklabæjarmelnum, stóð þar lengi og horfði furðu lostinn, því slíkan vatnaflaum hafði ég aldrei áður séð, eða komið til hugar að ég mundi sjá, að allt flatlendi héraðsins væri á kafi í vatni. En þó að mér sýndist allt eylendið í kafi, er þó þess að geta, að hæstu rindar og bakkarandir mun þó hafa verið upp úr vatni á stöku stað. Það frétti ég síðar. En þarna um nóttina nam ekki auga mitt slíka staði vegna smæðar þeirra og fjarlægðar. Á þessar litlu bakkarandir björguðu ýmsir sauðfé sínu og hrossum, er séð varð að hverju stefndi, með vatnavöxtinn. Var á nokkrum stöðum gætt búfjárins og vakað yfir því, þar til dró úr flóðinu. Mætti segja ýmar sagnir um vos og erfiðleika manna af þessum sökum. Daginn eftir að ég kom heim, dró mjög úr vexti vatnanna.

Hér bæti ég svo við frásögn af atburði viðkomandi flóði þessu. Sumarið 1925 átti að byggja og var byggð brú, yfir vesturós Héraðsvatna. Undirbúningur þess verks var hafinn svo snemma vors, sem tíð og aðrar ástæður leyfðu. Með því fyrsta, sem gert var, var það að setja upp flotpall, en á honum átti að hafa fallhamarinn (minni), þegar tekið yrði að reka staura niður í botn óssins, en á þeim átti svo að byggja vinnupall, fyrir menn við brúarsmiðid og líka til þess að hafa þar fallhamarinn (stærri), sem átti að reka steinsteypta staurana niður, þegar þar að kæmi. Undir flotpallinum voru hafðar margar tunnur tómar (a.m.k. 60 tals að sögn). Var svo strengur hafður yfir ósinn og festur beggja megin og einnig í flotpallinum á þann hátt, að hægt var að færa pallinn til, eftir því sem staurarnir voru reknir niður. Menn í nágrenni við ósinn ráðlögðu brúarsmiðunum, að ganga traustlegar, en þeim þótti gert vera, frá útbúnaði þessum, þar eð þeir hefðu reynslu af því,

að ósinn gæti orðið ærið straumharður og sterkur í vorflóðum, einkum þó með útfalli sjávar. Smiðirnir tóku lítið undir þetta og kváðu að þeim sýndist hér um svo meinlaust vatnsfall að ræða og lygnt, að til þess mundi varla koma, að það gæti valdið spjöllum á verkum þeirra.

Svo leið og beið þar til, að hið stórkostlega flóð kom. Ekki veit ég hvort flóðið var komið í afganging, þegar strengurinn, sem hélt flotpallinum slitnaði og pallurinn með fallhamrinum á, sigldi hraðbyri út úr ósnum, undan straum og sunnan golu, sleit hann um leið streng þann sem dragferjan var undin á yfir ósinn. Þar eð straumur var allmikill úr ósnum út á fjörðinn og sunnanátt nokkur færðist flotpallurinn óðum frá landi - Nú voru góð ráð dýr, þenna dag var Magnús Guðmundsson þingmaður Skagfirðinga og ráðherra, staddur á Sauðárkróki, má vera að þingmálafundur væri þar á staðnum þenna dag. Var nú gerður út röskur og öruggur sendimaður á fund Magnúsar ráðherra og leita úrræða hans í þessu máli. Brást Magnús vel við og fékk kolaskip, sem þá lá á Sauðárkrókshöfn til að elta flotpallinn. Fór það fljótlega á stað og sótti hann norður á fjörðinn, var hann þá kominn að sögn út á móts við Hofsó. Dró skipið flotpallinn inn á Sauðárkrókshöfn, en síðar, er flóðið sjatnaði dró vélbátur hann austur með Borgarsandi og inn í ósinn. Næsta stórflóð í Héraðsvötnum var 1934. Slagaði það nokkuð upp í flóðið 1925, en þó sýnu minna.

Þá kom vorflóð 1938 sem mikið mátti teljast.

Nú líður þar til 1949, að stórflóð kom í Héraðsvötn. Var það nokkuð sérstætt að því leyti, að það varaði óvenjulega marga daga. Þann 19. júní var stórflóð um kveldið, og flæddi þá hér yfir alla bakka og upp að braut, og yfir brautina á Vallabökkum. Daginn

eftir var stórflóð og eins næstu daga, stundum meira, en annan daginn minna, en alltaf mikið. Þann 26. urðu Vötnin mest og aldrei þetta vor eins mikil og það kvöld. Daginn eftir og næstu daga þvarr flóðið mikið.

Þann 6. júlí 1954 urðu skriðuföllin miklu í Norðurárdal. Um nóttina áður og fyrripart dags rigndi mikið. Virðist með nokkurskonar skýfall hafi orðið á Blönduhlíðarfjöllum, framanverðum, Norðurárdal og hluta af Silfrastaðaafrétt. Þar féllu allvíða skriður, en mest hjá Fremri Kotum. Skriðan mikla sem féll austan við túnið á Fremri Kotum, fór ofan í Norðurá hjá Hesthúshöfðanum og stíflaði hana þar um stund. Hefir þar orðið mjög mikil uppistaða. Þegar stífla sú brast varð flóðbylgja mikið. Að vísu urðu Héraðsvötn sjálf mikil þennan dag, en talið var að hlaupið úr Norðurá hafi verið þess valdandi, að þetta kvöld flæddu Héraðsvötn hér alveg upp að braut. Þetta vatnshlaup stóð ekki nema um kvöldið. Vatn rann hér af engjum fyrir háttatíma að mestu og alveg næstu nótt.

Vorið 1956 gekk mikil hitabylgja yfir Skagafjörð um þann 26. maí. Varð stórflóð í Héraðsvötnum þann dag. Mátti telja það af hressilegra tagi. Fór þá flatlendi héraðsins talsvert undir vatn. Vallabakkar ófærir það kveld. Daginn eftir kólnaði veður og flóðið hraðminnkaði. Venjulega voru þessi miklu flóð stutt.

Síðan hafa stórflóð ekki komið. Ég tel það ekki til stórflóða, þó að Vötnin liggi á löndum, eða þó þau skvettist snöggvast yfir bakka sína, svona rétt mátulega til að fylla flæðiengishólfín okkar, sem búum við flatlendið.

Geta má þess að stórflóð kom vorið 1906. Það varaði stutt. Ég var ungur þá, og ekki er mér flóð það minnisstætt. Þaðan frá til 1925 komu að vísu nokkrum sinnum mikil vorflóð, en ekki þó svo mikil, að til stórflóða gætu talist.

Vetarflóð í Héraðsvötnum.

Þegar ég man fyrst til, var það venjulegt, að þegar Vötnin voru lögð fram fyrir Stokkhólma, að þau fóru þá að renna vestan við Stokkhólma í gömlu Héraðsvatnafarvegina þar og runnu svo út yfir Hólminn beggja megin Vallholtsins. Breiddist svo vatnsflaumurinn út og rann all langt norður eftir, stundum alla leið út á Sanda og líka vestur á Húseyjarkvísl. Þegar frost voru varð af þessum sökum mest allur út-Hólmur í glæra svelli og allmiklir hlutaf af fram-Hólmi líka. Eftir að fyrirhleðslan var gerð við Vindheimabrekkur og alllangt austur á Hólminn minnkaði mjög þessi vetrarágangur. Nú er búið að ýta upp garði frá Vindheimabrekkna-vörslugarðinum og allt austur á Stokkhólmatá. Geta Vötnin því ekki runnið út yfir Hólminn á vetrum, nema þá kannske í aftöku frosta (eða snjóá)-vetrum. Af þeim sökum er kannske ekki fráleitt að ætla, að öllu kraftmeiri verði vetrarflóð hér við austurhlíðina og út um Vatnabrú og Vallabakka, en áður var. Oft kom það fyrir og kemur enn, að smágöt komu á ísinn eða litlar vakir myndast, upp spýttist þá oft allmikið vatnsmagn, sem rann eftir ísnum lengri eða skemmri leið, kallaðist það ágangur og kallast enn. Þykknaði ísinn allmikið er vatn þetta fraus.

Annars koma vetrarflóð að heita má alltaf ofan á ís, oftast er það, eða eiginlega alltaf í sambandi við þýðviðri og leysingu. Er þá tíðast að Vötnin sprengi af sér ísinn og koma þá oft jakastíflur. Þessháttar gaurangangi man ég ekki eftir, lengi fram eftir æfi minni, það er helst nú á síðari árum, að þessháttar fyrirbæri gerast, og þessvegna er það, að menn láta sér detta í hug, að fyrirhleðslan við Vindheimabrekkur og fyrir Stokkhólmalandi, eigi einhvern þátt í því.

Þá man ég eftir einu vetrarflóði, sem var nokkuð sérstætt. Það mun hafa verið um 1930, eða þá máske eftir það, að frost höfðu gengið um tíma, allhörð, svo brá til frostleysu, ekki beinlínis þó þýðviðris. Þá kom þetta umrædda flóð. Var vatnsflaumur mikill og jakaburður. Ís var hér á Vötnunum og fór vatnið hér upp á tún. Ekki var einn einasti stór jaki, þeir voru flestallir smáir - sumir mjög smáir - og engin hvöss röð á neinum, heldur eins og þeir væru slípaðir eða sorfnir á röðum. Ég frétti fljótlega að meginhlutinn af hlaupi þessu hefði komið úr Jökulsá eystri, gekk hlaupið svo hátt í þrengslunum þar sem Skatastaðakláfur er, sem í mestu vor-flóðum. Varð mér þá skiljanleg lögun jakanna og smæð, þegar þeir höfðu gengið í gegnum "hreinsunareld" Jökulsár og Héraðsvatna þröngu gljúfra, þar fremra. Álitu sumir menn að klaka og froststíflur hefðu myndast upp undir Hofsjökli, eða utar, í Jökulsá. Losnað hefði um stíflur ofarlega af einhverjum orsökum og svo sprengt stíflurnar hverja af annari. Þetta flóð var búið að missa kraft, að mestu, þegar það kom út um Velli.

Hér á eftir ætla ég að minnst ögn á tvö vetrarflóð frá seinni árum, sem töluvert mikið kvað að. Fer ég þar, að heita má, alveg eftir dagbókarbrotum frá sama tíma:

23.febr. 1961. Sunnan allhvass og þýðviðri. Hafa Vötnin sprengt af sér ísinn hér út að Miðhúsamerkjum og jakastíflu ruðningar á Miðhúsa- og Höskuldsstaða bökkum. Jakastífla mikil. Vatnsflóð mikið. Flæðir yfir brautina, frá því nokkru fyrir sunnan Miðhús og út undir ytri afleggjara hér, og eins á löngum þætti í Akralandi og það mestallt í kafi neðan við braut (út undir Dalsá). Vatnsflaumur mikill að sjá hér út með Vötnunum, bæði að austan og eins að vestan, heim undir tún í Vallanesi og Völlum. Flæddi alveg yfir

Vallaþakka Hér af ásnum fyrir ofan túnið, sá ég í dag að eylendið allt vestan Borgareyjar, er eintómt vatn til að sjá og líklegt að svo sé, út með Langholti, allt út í Miklavatn. Minna vatn eða heldur lítið, að sjá austan Borgareyjar, t.d. á Hjaltastaðaósum. Þar er lítið vatn. 25.febr. Nú þegar frysti, minnkaði vatn í Vötnunum. Datt þá ísinn niður út fyrir Velli. Mikil jakahraun hér á bökkunum. 22.desember 1962. Skýjað, sunnan þétt hvass og þjóviðri. Alauð jörð. H.7 st. Smáringaryrja öðru hverju í dag og dimmt í lofti. Vötnin voru á ís, nokkuð fram fyrir Stokkhólmatá, en sprengdu af sér ísinn og varð mikill jakaruðningur og vatnsgangur. Fóru jakar yfir brautina hér fyrir neðan. Kom veghefill í kvöld til að ryðja jökum af brautinni hér neðan við Hólinn.

23.des. Hiti 1 st skýjabakki í suðri. Suðvestan gola. Hefir mikið gengið á í nótt. Vötnin hafa í nótt flætt hér upp á tún, herra en ég veit til áður og alveg upp að Hólnum. Skilið eftir jakahröngl mikið. Jakastífla er í Vötnunum hér fyrir neðan. Mæðiveikisvarðgirðingin er horfin hér af bökkunum. Líka flestallir staurar brotnir og vír slitinn á Miðhúsa- og Akraþökkum. Jakaburður og hrönn hafa farið út undir Dalsá neðan við braut. Vötnin auð að sjá utan við klakastífluna. Fór ég í dag á bíl yfir í Varmahlíð. Sá ég þá að Vötnin höfðu sprengt ís af sér langt út fyrir brú og jakar fleygst upp á há bakka á Miðgrund og Völlum líka þvegið mól úr vegi á Vallaþökkum. Á löngum parti brotið mæðiveikisgirðingu á Miðgrundarþökkum. Þarf að ryðja aftur með vélkrafti jökum af brautinni hér fyrir neðan.

25.des. 1962. Heiðríkt. Frost 9 st.

26.des. Heiðríkt. Logn. Frost 11 st. Vötnin bulla mikið hér á engjum.

27.des. Léttskýjað. Frost 6 st. Vötnin full af krapí og lögð fram fyrir Stokkhólma. Illfært bílum eða öllu heldur ekki fært um veginn

hér fyrir neðan. Bílar fara hér upp fyrir syðra hlið mitt, svo yfir tún mitt og Miðhúsatún, svo ofan á brautina um Miðhúsa-hlið og er þar þó vatn sunnan við hliðið, en grunnt.

7.jan. 1963. Frost 9 st. Vötnin eru nú síðan 2/1 lögð fram undir Steinstaðahólm, allar eyrar þar í kafi í gaddi. Ekkert hefur runnið í Stokkhólmafarveg. Öll engin hér í gaddi og svell yfir brautina síðan yfir flæddi og fraus síðan.

13.jan.1963. Vötnin flæddu í dag hér á veginn. Ágangur töluverður hér fyrir neðan.

16.jan.1963. Bílar fara enn hér yfir túnið og Miðhúsatún. Vatnsflóð hið mesta þorrið, en vatnselgur á brautinni.

Þetta segja nú dagbókarpunktur mínir. Bílar fóru hér yfir túnin eitthvað fram yfir þann 20. eða jafnvél allt að mánaðamótum jan.-febr. Þetta vetrarflóð er eitthvert það minnisstæðasta og mesta í seinni tíð, einkum fyrir það, að vegurinn hér varð ófær lengi, líka báru jakarnir mikið grjót og mól hér upp á engið, en það hafði aðeins einu sinni komið fyrir áður, svo ég muni. Svona lagað getur vitanlega endurtekið sig.

Haustflóð í Héraðsvötnum.

Mér eldri menn sögðu mér frá haustflóði ógurlega miklu, sem kom nokkru fyrir mitt minni. Ekki gátu þeir fyllilega ársett flóð þetta. Þeir kölluðu haust þetta "flóðahaustið mikla" eða "haustið dæmalausa" sem hvortveggja stefnir til þess, að slíkt flóð að hausti til, hafi ekki þekkt í þeirra minni. Fyrir löngu hefi ég slegið því föstu og þetta hafi verið haustið 1887, og eru fyrir því fulltraustar heimildir. Þá var einstök illviðra tíð, bæði hriðar og stórrigningar - í þessu haustflóði var róið á pramma frá Mikley og alveg hér yfir að túni. Þeir sem mundu og sáu bæði flóðin, vorflóðið 1925 og þetta haustflóð 1887, jöfnuðu þeim saman að vatnsmagni. Þetta haustflóð skemmdi stórkostlega með leirs og sands áburði, engi öll hér fremra, sem flætt gat yfir, en er frá leið varð þar ágætur grasvöxtur í mörg ár. Þetta haust varð truflun mikil á haustgöngum vegna illviðra og flóða í Silfrastaðaafrétt (þó veðursæl sé). Hefir slíkt ekki komið fyrir síðan, nema haustið 1907, þá teptust göngur um einn dag vegna dimmviðris. Get ég vel um þetta borið, því að ég hefi verið í göngum í Silfrastaðaafrétt, síðan haustið 1906, að einu hausti undanteknu.

Haustflóð mikið varð líka 1902, eða þar um bil. Ekki man eg glögglega eftir því flóði. Mun það hafa flætt nokkuð yfir bakka hér fremra. Það flóð kallaði fullorðna fólk "jökulhlaup". Vissi ég ekki hvað það nafn merkti, en gizka á að hlýinda tíð hafi verið, um tíma, máske ringt eitthvað og þá einkum til öræfa. Það heyrði ég líka minnst á, er hlýviðri voru lengi, á sumri, að þá mundi verða mikið "jöklanám", þ.e. jöklar eyddust óvanalega mikið, eða gengju saman.